

146. Fundur Kirkjugarðaráðs haldinn á Biskupsstofu mánudaginn 11. desember 2017.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir, formaður ráðsins sem stýrði fundi, Smári Sigurðsson, forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings, Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Sigurgeir Skúlason, starfsmaður ráðsins og Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs var í veikindaleyfi.

Gestir fundar frá Hugsmiðjunni: Óttar Sæmundsen, Ragnheiður Þorleifsdóttir og Guðmundur Stefán Þorvaldsson. Einnig mætti Arnfinnur Einarsson, starfsmaður Kirkjugarða Reykjavíkur-prófastsdæma.

Dagskrá:

- 1. Fundur settur kl. 14:00 og fundargerð síðasta fundar lögð fram. Fundargerð samþykkt.*
- 2. Staðan á uppfærslu vefsins gardur.is.*

Verkefnið er á forræði Kirkjugarðasambands Íslands sem gerði samning við Hugsmiðjuna um það. Í ljós hefur komið að verkefnið er mun dýrara en upphafleg kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir sbr. 145. fundargerð kirkjugarðaráðs. Guðmundur Stefán Þorvaldsson, forritari kynnti stöðu verkefnisins og skýrði kostnaðarauka þann sem orðið hefur. Verkefnið er mun viðameira en áætlað var í upphafi og nú er komið í ljós að heppilegra hefði verið að vinna nýtt kerfi í stað þess að nota það gamla sem grunn. Lagt var til að Hugsmiðjan vinni aðgerðaáætlun með Kirkjugarðasambandi Íslands og einnig að lögð verði fram bindandi kostnaðaráætlun í upphafi næsta árs. Fram kom að rétt væri að kanna hvort KGSÍ gæti innheimt þjónustugjöld af þeim sem nota bókunarkerfishluta vefsins. Talið var rétt að skoða það.

- 3. Endurskoðunarbréf Ríkisendurskoðunar lagt fram til kynningar.*
- 4. Staðan á vinnu Jóhannesar Finns Halldórssonar, viðskiptafræðings, vegna endurskoðunar á gjaldalíkaninu.*

Málinu frestað.

- 5. Erindi v/Höfða í Grýtubakkahreppi.*

Erindi framsent til Minjastofnunar Íslands.

- 6. Næsti fundur verður haldinn 29. janúar kl. 14:00.*

Undirbúningsfundur vegna úthlutana. Sá fundur verður haldinn 12. febrúar 2018 og hefst kl. 11:00.

7. Önnur mál

Erindi frá Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu:

Málið varðar ágreining vegna jarðsetningar konu hjá foreldrum.

Niðurstaða: Ekki mál Kirkjugarðaráðs. Formanni ráðsins falið að skrifa ráðuneytinu.

Fundi slitið kl. 17:05.

*Ragnildur Benediksdóttir,
formaður*

*Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari*